

## **2. Fundargerð starfshóps um stöðu og stefnu úrgangsmála á Vesturlandi, haldinn mánudaginn 12. október 2020 kl. 16 í gegnum tölvu.**

Mætt voru: Kristinn Jónasson, Unnur Þóra Sigurðardóttir, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Finnbogi Leifsson, Pétur Davíðsson, Karitas Jónsdóttir, Sævar Jónsson, Eggert Kjartansson Guðrún Reynisdóttir og Daníel Ottesen . Einnig sat fundinn Hrefna B Jónsdóttir, framkvæmdastjóri og Teitur Gunnarsson ráðgjafi.

Formaður stjórnar Sorpurðunar Vesturlands hf., Kristinn Jónasson, bauð fundarmenn velkomin á annan fund starfshóps.

Teitur Gunnarsson, ráðgjafi frá Mannviti, fór yfir samantekt sína og fyrstu drög að aðgerðaáætlun fyrir Vesturland. Hann sagði stefnuna markaða í lög.

Farið var yfir drög, m.a. markmið úr fyrri svæðisáætlun um meðhöndun úrgangs. Hann sagði engin ný töluleg markmið en vitnaði til Evróputilskipunar 2018/851//EU.

Ný „brot“ eru að koma inn í löggjöfina sem tengjast hringrásarhagkerfinu. Minnka enn frekar þau verðmæti sem fara í úrgang.

Lög nr. 55/2003 eru lög um meðhöndlun úrgangs. Frumvarp til laga hefur til legið í loftinu all lengi en ekki farið í gegnum Alþingi. Samband íslenskra sveitarfélaga lagði fram umsögn um frumvarpið og gagnrýndi samráðsleysi milli ríkis og sveitarfélaga.

### **Úrgangspríhyrningur**

Teitur fór yfir úrgangspríhyrninginn sem gengur út á

- Að koma í veg fyrir myndun úrgangs
- Undirbúa úrgang fyrir endurnotkun
- Endurvinnna úrgang
- Önnur endurheimt t.d. orkuendurvinnsla framleiðsla eldsneytis, landmótun
- Förgun

### **Heimilisúrgangur.**

Í stuttu máli, með ýmsum leiðum, á urðun heimilisúrgangs að vera komin niður fyrir 10% árið 2035. Koma þar inn ýmsir efnahaglegir hvatar.

### **Byggingarúrgangur**

Krafa verður um endurnotkun, endurvinnsla og önnur efnisendurvinnsla byggingar- og niðurrifsúrgangs verði að minnsta kosti 70% af þyngd.

Taldi Teitur það nauðsynlegt að

hópurinn ræddi það sérstaklega þegar þar að kæmi. Hugsanlega getur orðið snúið að ná svo háu hlutfalli.

### **Aukin framleiðendaábyrgð**

Samband íslenskra sveitarfélaga segir í sinni umsögn í áður nefndu frumvarpi til laga, að framleiðendaábyrgð sé ekki nógu og skýr. Tæki eigi að verða þannig hönnuð og framleidd að hægt sé að gera við ef bilar o.s.frv. Framleiðendur framleiði sína vöru með góða endingu

að leiðarljósi. Varahlutir verði aðgengilegir og aðferðir til viðgerða aðgengilegar í bæklingum eða á veraldarvefnum.

### **Sérsöfnun á lífúrgangi**

Í síðasta lagi skuli safna lífúrgangi árið 2024 frá fyrirtækjum og heimilum. ***Frá janúar 2027 má ekki telja lífúrgang sem endurvinnslu nema honum hafi verið sérsafnað.***

Úrvinnslusjóður sér ekki um alla þá úrgangsflokka sem Teitur taldi upp. Í síðasta lagi 2030 skal a.m.k. 70% þyngd umbúaúrgangs vera endurnotað og endurunnið. Er í 218/852/EU ákvæði þar sem taldar eru upp markmið plasts, timburs, járn og stál, ál, gler og pappír og pappa.

### **Innheimta sem næst raunkostnaði**

Teitur sagði frá aukinni tölfærði sem er framundan. Í frumvarpi til laga og reglugerða er sveitarfélögum gert að ná þeim markmiðum sem framundan eru.

Skylda sé að innheimta gjald sem næst raunkostnaði við viðkomandi þjónustu, s.s. með því að miða gjaldið við magn úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs viðkomandi aðila. (Þetta þýðir að ekki verður heimilt að nota núverandi kerfi sem byggir á fasteignamati/stærð fasteigna) Verktakinn þarf að geta vigtað frá hverjum og einum fasteignaeiganda.

Halldóra Lóa spurði út í söfnun á lífrænum úrgangi og aðferðir við að draga úr matarsóun.

Skoða út frá störfum vinnuhóps sem komu fram með 24 atriði til minnkunar matarsóunar. Teitur sagðist hafa skoðað atriðin og spurt sig hvernig skuli framkvæma þau atriði sem fram koma. Halldóra og Teitur voru sammála því að margt þyrfti að koma til. Útbúnaður til vigtunar sem verktakar verða að leysa o.s.frv.

### **Skýrsla um matarsóun, tillögur til úrbóta / Slóð**

**[https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF\\_skrar/Skyrsla-starfshops-um-matarsoun-22042015.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF_skrar/Skyrsla-starfshops-um-matarsoun-22042015.pdf)**

Rætt um næstu skref í starfi hópsins. Teitur og Hrefna munu verða í sambandi við fulltrúa sveitarfélaga og gott ef fleiri en eitt sveitarfélaga geta verið með sömu lausn. Hugsanlega má sameina vinnu þeirra sveitarfélaga sem eru með sömu lausnir og liggja saman landfræðilega.

Kristinn lagði áherslu á að Sorpurðun Vesturlands hf. er einungis ein leið sem sveitarfélögin hafa. Hvert og eitt getur farið sínar leiðir og gott er ef sveitarfélögin sinna

Rætt um tunnurvæðingu sumarhúshverfa og útfærslu á slíkum verkefnum.

Formaður sagði frá fyrirspurn um fundargerðir vinnuhópsins, birtingu á heimasíðum o.fl. Almennt voru fundarmenn á því.

Daníel Ottesen sagði frá kröfum á sinn verktaka um birtingu gagna á heimasíðu. Hvalfjarðarsveit og Skorradalshreppur eru í sömu lausn en fá ekki gögnin frá þjónustuaðila.

Framkvæmdastjóri fór yfir söfnun á magntölur og hversu erfitt er að fá þær frá sveitarfélögum. Einnig nefndi hún nauðsyn þess að birta fundargerðir á heimasíðum. Um er að ræða vinnu starfshóps og hvort ekki eigi að bíða eftir niðurstöðum eða kaflaskilum.

Niðurstaða.

Senda fundargerðir til sveitarfélaganna og birta ekki á heimasíðu að sinni.

Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17

Fundarritari HBJ